



Móttaka nýrra nemenda

Innritun barna sem hefja grunnskólagöngu fer fram í byrjun mars ár hvert í gegnum Íbúagátt. Innritun skólaskyldra barna og unglunga sem flytjast til Mosfellsbæjar eða koma úr einkaskólum þarf að fara fram fyrir auglýstan tíma ár hvert. Eins þurfa börn sem eiga lögheimili í Mosfellsbæ en sækja skóla í öðrum sveitarfélögum að sækja um fyrir auglýstan tíma ár hvert. Mikilvægt er að kynna sér reglur um skólavist utan lögheimilis á heimasíðu Mosfellsbæjar. Reglur um skólavist og skiptingu skólasvæða er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar sjá; <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthyktir/nanar/2011/03/02/skolavistogskiptingskolasvaeda/>

Móttaka nýrra nemenda er áhersluatriði í hverjum skóla og við leggjum okkur fram um að taka vel á móti öllum sem hefja nám í skólanum.

Þegar nám hefst í 1. bekk.

- Nemandi er skráður í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar: <https://ibuagatt.mosfellsbaer.is/oneportal/login.aspx>.
- Foreldrar og börn fá síðan boð um heimsókn í skólann að vori.
- Þá er farið yfir allar almennar upplýsingar um skólann, mötuneyti, ávaxtabita, Frístundasel o.þ.h.. Skólahúsnaði kynnt og skoðað, farið í útikennslustofu, sérgreinastofur og væntanlegar heimastofur nemenda. Stoðkerfi skólans hefur síðan verið kynnt á sérstökum haustfundum.
- Börn í elstu deildum leikskóla Mosfellsbæjar koma reglulega í skólann allt skólaárið en í Krikaskóla eru flest börnin þegar í skólanum og fá sína kynningu í samvinnu við deildarstjóra

Nemendur sem byrja í skólanum eftir að skólaár er hafið.

- Foreldrar hafa samband við stjórnendur skólans.
- Nemandi og foreldrum er boðið í heimsókn í skólann.
- Deildastjóri/skólastjóri tekur á móti þeim, kynnir innra starf skólans og veitir almennar upplýsingar um hann.
- Skoðunarferð um skólahúsnaði, íþróttahús, sundlaug og önnur svæði sem nemandi þarf að sækja á skólatíma.
- Nemandi og foreldrar hitta væntanlegan umsjónarkennara og fá stundatöflu og aðrar upplýsingar um bekkjarstarfið.

Varðandi úrsögn barns úr skóla skal forráðamaður snúa sér til skólastjóra með slíkar upplýsingar. Skytt er að upplýsingar um barnið berist þeim skóla sem barnið fer í. Mikilvægt er einnig að fá upplýsingar um leið og þær liggja fyrir um breytingar á skólavist barna.